

Heilsuleikskólinn Árbær

Fræðslusvið Árborgar

Heilsuleikskólinn Árbær

2019 – 2020



Árbær

Virðing Velferð Vinátta



Árbær starfar samkvæmt
Heilsustefnu Unnar Stefánsdóttur

Heilsuleikskólinn Árbær

Leiðarljós Fræðslusviðs:

Að öll börn og ungmenni eigi kost á menntun og leik við sitt hæfi, þar sem ýtt er undir sköpun og frumkvæði og byggt er á styrkleikum, áhuga og færni hvers og eins. Þeim líði vel, fari stöðugt fram og öðlist uppeldi og menntun sem nýtist þeim í lífinu.

Hlutverk

Veita börnum og ungmennum bestu mögulegu tækifæri til leiks, menntunar og frístundastarfs í samvinnu við fjölskyldur og nærsamfélagið.
Vera framsækið forystuafl í skóla- og frístundastarfi.

Heilsuleikskólinn Árbær

Fossvegi 1, 800 Selfoss

arbaer@arborg.is

Efnisyfirlit

Formáli.....	3
1 Heilsuleikskólinn Árbær, leiðarljós:	3
2 Áherslur skólaárið 2019 til 2020.....	4
3 Greinargerð leikskólastjóra um starfið á síðasta ári.....	5
4 Um innra mat í leikskólum.....	8
4.1 Stutt greinargerð um leikskólastarfið.....	9
5 Stutt greinargerð sérkennslustjóra um starfið á síðasta ári	14
6 Sérkennsla - Umbætur.....	15
7 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	17
8 Foreldrasamvinna.....	17
9 Stjórnunarteymi Árbæjar	18
10 Barnahópurinn 2019 til 2020.....	19
11 Samstarf leik- og grunnskóla	19
12 Skóladagatal – skipulagsdagar - 2019 - 2020	20
13 Matsáætlun	21
14 Lokaorð.....	22

Formáli

Starfsáætlun þessi gerir grein fyrir mati á starfi Heilsuleikskólans Árbæjar skólaárið 2019 til 2020 og er áætlun um starf Heilsuleikskólans Árbæjar skólaárið 2019 til 2020. Starfsáætlunin skýrir frá skólaþróun Heilsuleikskólans Árbæjar, í öðrum kafla er fjallað um Leiðarljós leikskólans og leiðir að markmiðum og Viðmið Heilsustefnunnar, grunn sem starfið í Árbæ byggir á. Í kaflanum Verkáætlun skólaárið 2019 til 2020 er fjallað um framtíðarsýn Heilsuleikskólans Árbæjar og stutt greinagerð leikskólastjóra fjallar um leikskólastarfið og starfsþróun í Árbæ sem er grunnur að starfinu í Árbæ í dag.

1 Heilsuleikskólinn Árbær, leiðarljós:

- Auka gleði og vellíðan barnanna með áherslu á næringu, hreyfingu og listsköpun í leik og starfi
- Að efla félagslega færni einstaklingsins
- Að stuðla að líkamlegri vellíðan með því að leggja áherslu á hreyfingu útivist og hollan mat
- Að bera virðingu fyrir náttúrunni og umhverfinu

Leiðir að markmiðum/leiðarljósum Árbæjar:

- Að tileinka sér undirstöðuatriði heilbrigðs lífs og lífsviðhorfa í samneyti við jafningja í leik og starfi.
- Að vera umburðarlynd gagnvart ólíkum skoðunum, menningu og reynslu.
- Að bera virðingu fyrir náttúrunni, dýrum og jurtum.
- Að þekkja eigið sjálf, þróa með sér jákvæða sjálfsmynd og tilfinningu fyrir eigin getu.

Úr viðmiðum Heilsustefnunnar:

Mæta þarf eftirfarandi frumpörfum barnsins í öllu heilsuleikskólasamfélaginu, bæði einstaklings- og hópbundið.

Kærleikurinn, að tilheyra einhverjum

Frelsi, að hafa valkosti

Virðing, að vera mikilvægur - viðurkenndur

Heilsuleikskólinn Árbær

Glaðværð, að upplifa gleði

Eitt helsta leiðarljós og markmið Árbæjar er að efla félagslega færni einstaklingsins og stuðla að því að börnin verði félagslega læs á umhverfi sitt. Í viðmiðum Heilsuleikskóla kemur fram að skilgreining á heilsu er sú að góð heilsa er andleg, líkamleg og félagsleg vellíðan. Það er hægt að vera við góða heilsu þrátt fyrir sjúkdóma eða fötlun.

2 Áherslur skólaárið 2019 til 2020

- Vinna í anda Heilsustefnunnar – Vinna að Áherslum Heilsustefnunnar og að Heilsubók barnsins
- Vinna að öllum námsþáttum leikskólastarfsins samkvæmt Skólanámskrá Árbæjar og Aðalnámskrá fyrir leikskóla
- Vinna að Vináttuverkefni Barnaheilla um Blæ. Vinna áfram með Bínu Bálreiðu þegar það á við
- Vinna áfram að læsi í víðum skilningi, verkefni eru m.a: Bókaormur, Sýna og segja, Bangsi í tösku heim um helgar, afmælisstund, Orðaspjall, Lubbastundir, stærðfræði í daglegu starfi
- Vinna að þróunarverkefninu Orðaleik með Rannveigu Oddsdóttir og Íris Hrönn Kristinsdóttur frá Háskólanum á Akureyri, leikskólunum Krílakot á Dalvík og Iðavöllum á Akureyri
- Vinna að þróunarverkefni með Sveitarfélaginu Árborg, Hafnarfirði og Reykjanesbæ
- Vinna áfram að auknu lýðræði í leikskólastarfinu
- Vinna með TRAS, Hljóm-2, Orðaskil, AEPS og aðra þá matslista sem við eiga
- Vinna í anda lærdómssamfélagsins teymisvinnu/teymiskennslu. Vinna að samvinnu og í samráði milli deilda og Regnbogadegi.
- Stuðla að jafningjastuðning og valdeflingu allra kennara og starfsmanna í Árbæ

Rannveig Oddsdóttir og Íris Hrönn Kristinsdóttur hjá Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri (skammstafað MSHA) stýra Þróunarverkefninu: Orðaleikur. Verkefnið er ætlað leikskólabörnum sem læra íslensku sem annað mál. Orðaleikur er þróunarverkefni unnið í samstarfi við MSHA og leikskólann Iðavelli með styrk frá Þróunarsjóði námsgagna,

Heilsuleikskólinn Árbær

Sprotasjóði, KEA og Norðurorku. Námsefnið samanstendur af: Handbók um orðaforðakennslu fyrir leikskólakennara. Myndasafni af grunnorðaforða íslenskunnar með sérstakri áherslu á þau orð sem koma fyrir í umhverfi leikskólabarna. Kennsluleiðbeiningum með myndasafninu. Rafrænu verkefnasafni sem getur bæði nýst í leikskólanum og heima. Námsefnið er aðgengilegt á vef notendum að kostnaðarlausu.

Þróunarverkefni með Sveitarfélaginu Árborg, Hafnarfirði og Reykjanesbæ. Verkefnið miðar að því að efla styrkleika og námshæfni nemenda af erlendum uppruna. Í þessu verkefni eru þróuð matstæki sem auðveldar kennurum að framkvæma raunmat á almennri stöðu nemandans er varðar m.a. nám. Styrkleikar og veikleikar nemandans eru kortlagðir. Verkefnið miðar einnig að því að bregðast fyrir við námsþörfum nemandans í anda snemmtæks mats og íhlutunar.

3 Greinargerð leikskólastjóra um starfið á síðasta ári

Á undanförunum árum hefur markmið leikskólastjóra í Árbæ verið að efla forystu, þekkingaröflun og vellíðan starfsfólks í leikskólanum Árbæ með þátttöku allra starfsmanna í lærdómssamfélagi leikskólans. Margir starfsmenn í Árbæ hafa verið í námi samhliða starfi sínu í Árbæ. Á síðasta skólaári stunduðu ellefu starfsmenn háskólanám samhliða starfi sínu í Árbæ.

Tveir kennarar luku M.ed námi vorið 2019 en hinir halda áfram námi sínu og er reiknað með að tveir eða þrjú kennarar ljúki M.ed námi í desember 2019 eða á vorönn 2020. Auk þess er reiknað með að einn leikskólakennari ljúki M.ed námi vorið 2020. Leikskólakennara í Árbæ sem eru í M.ed námi í stjórnun við Háskóla Íslands bauðs verkefnastjórastaða við leikskólann á Laugarvatni, tveir leikskólakennarar ætla að reyna sig við kennslu á grunnskólastiginu og ófaglærður starfsmaður sem hefur starfað lengi í Árbæ starfar sem stuðningsfulltrúi í Sunnlækjarskóla skólaárið 2019 til 2020. Tveir starfsmenn hættu störfum í Árbæ, annar fyrsta febrúar og hinn fyrsta júní, þar sem að þeir hafa lokið starfsævi sinni og er þeirra saknað í starfinu hér í Árbæ. Þeir hafa starfað í Árbæ frá opnun leikskólans 2002 og starfsferill þeirra er því samofinn menningu og þróun Árbæjar. Tveir starfsmenn eru í langtíma veikindaleyfi.

Haustið 2019 eru níu starfsmenn í námi í leikskólakennarafræðum, tveir í grunnskólakennarafræðum á lokaári og tveir í námi í sálfræði. Einn starfsmaður er í uppeldis og kennslufræði við Háskóla Íslands. Þessu til viðbótar eru tveir starfsmaenn sem eru í fæðingarorlofi og jafnframt í leikskólakennaranámi þetta skólaárið. Þannig að enn eflist mannauð starfsfólks/kennara í Árbæ. Þeir sem að eru farnir til starfa á öðrum slóðum flytja færnina með sér og útbreiðir boðskapinn á nýjum slóðum. Gera garðinn

Heilsuleikskólinn Árbær

frægann. Í Árbæ er áfram stefnt að því að efla mannauð leikskólans. Kennarar/starfsfólk er hvatt til virkrar þátttöku í mótun starfsins og það hvatt til áframhaldandi þekkingaröflunar og þroska. Þeim sem að fóru til annarra starfa er þakkað samstarfið en þeir skilja þekkingu og þróun eftir í menningu Árbæjar. Því þannig verður menning stofnunar til, í samspili margra þátta og í samstarf þar sem hver lærir af öðrum og allir læra saman.

Staðreyndin er þó sú að leikskólakennurum með leyfisbréf hefur fækkað í Árbæ núna haustið 2019. Fimm leikskólakennarar með leyfisbréf starfa nú á haustönn og von er á því að fjórir ljúki námi og verði komnir með leyfisbréf um áramót eða í maí 2020. Vegna þess að leikskólakennarar með leyfisbréf eru svo fáir í Árbæ og Árborg allri er mikilvægt að stuðla áfram að því að starfsfólk í Árbæ fari í leikskólakennaranám. Reynsla í starfi, það hvernig ber að takast á við verkefni dags daglega, er einnig ómetanleg. Því er það að virk þátttaka starfsmanna og kennara í mótun starfsins, áframhaldandi þekkingaröflun þeirra og lausnarleit, varðandi besta vinnuskipulagið, eflir faglega forystu leikskólakennara/starfsfólks og styður við dreifða forystu, teymisvinnu og jafningjastuðning. sem birtist í starfstengdri leiðsögn, lærdómssamfélagi í daglegu starfi leikskólans.

Teymisvinna: Unnið var á síðasta ári að sameiginlegum verkefnum á milli deilda og að Regnbogadegi. Verkefnin voru eftirfarandi: Sameiginlegur tími í sal fyrir börn á svipuðu getustigi, sameiginlegar Vinastundir, sameiginlegar Lubbastundir og sameiginlegar sögustundir fyrir jafningja. Regnbogadagur á föstudögum, þá vinna þrjár eldri deildir saman með stöðvavinnu og börnin fara á milli stöðva, þ.e.sameiginleg vinna elsta árgangs þar sem að börn og starfsfólk vinna saman þvert á deildir. Samvinna með hvíld þeirra barna sem að sofa á elstu deildum. Samvinna með gönguferðir með barnahópinn. Samvinna með Vináttuverkefni Barnaheila og samvinna með útiveru og útileiki barna. Einnig hafa yngri deildirnar unnið að Regnbogadegi og er þá hver aldurshópur saman og skiptist á milli deilda. Til dæmis öll tveggja ára börn saman inni á Kringlumýri, öll þriggja ára börn saman onni á Fosskoti og yngri börn inni á Kotatúni. Þannig kynnast börnin í árganginum. Samstarfið þróast svo eftir aldri og getu barnanna.

Kennarar/starfsfólk er ánægt með teymisvinnuna. Lögð er áhersla á að deildarstjórar og kennarar séu saman í undirbúningi. Að tveir og tveir deildarstjórar séu saman í undirbúningi og jafnvel fleiri ef aðstæður leyfa. Deildarstjórar yngri deilda og deildarstjórar eldri deilda hittast á samráðsfundum einu sinni á þriggja vikna fresti. Allir deildarstjórar funda einu sinni í viku klukkutíma í senn með leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra og sérkennslustjóra.

Heilsuleikskólinn Árbær

Ráðgjafateymisfundur er á sex vikna fresti og funda eldri deilda deildarstjórar ásamt sérkennslustjóra með ráðgjafateyminu og leikskólastjóra saman og yngri deilda deildarstjórar ásamt sérkennslustjóra og leikskólastjóra með ráðgjafateyminu.

Í ráðgjafateyminu eru: Sálfræðingur, leikskólaráðgjafi, félagsráðgjafi, verkefnisstjóri snemmtækrar íhlutunar, ráðgjafarþroskaþjálfari á þjónustusvæði Suðurlands í málefnum fatlaðr og ráðgjafi í kennslu barna af erlendum uppruna. Ráðgjafateymisfundir eru jafnframt starfstengd leiðsögn, þar sem að deildarstjórar bera upp mál, einn og einn í einu (með leyfi og undirskrift foreldra/forráðamanna) og teymið skoðar málið frá sem flestum hliðum. Við umræður og skoðun mála fer fram jafningja leiðsögn þar sem að rætt er m.a. um hvernig hægt er að vinna með börnunum, vera fyrirmynd og fá styrk frá öðrum kennurum í leikskólanum.

Forysta deildarstjóra: Felst í að framkvæma það sem búið er að ákveða á deildarstjórafundum. Efla dreifða forystu og dreifa verkefnum og ábyrgð inni á deild leggja línurnar fyrir hvern dag. Þeir hvetja til sjálfræðis starfsmanna, eru fyrirmyndir og gera starfstengda leiðsögn að föstum lið á deildum, styðja við hópstjóra á deildinni. Þeir stjórna deildarfundum einu sinni í viku.

Samráðsfundir deilda eru haldnir einu sinni á þriggja vikna fresti. Yngri deildir halda samráðsfundi klukkan 12:30 til 13:30 þriðja hvern mánudag og eldri deildir halda samráðsfund þriðja hvern fimmtudag klukkan 13:00 til 14:00.

Í nóvember 2019 kom Svava Björg Mörk í Árbæ með námskeið fyrir deildarstjóra. Svava mun mæta í tvö til fjögur skipti 2020 með áframhaldandi námskeið fyrir deildarstjóra í Árbæ. Námskeiðið er ætlað að stuðla að valdeflingu deildarstjóra.

Sameiginlegur undirbúningstími deildastjóra: Kringlumýri og Stekkjarlækur á mánudögum frá klukkan 8:10 til 13:30. Kotatún og Fosskot á þriðjudögum frá klukkan 8:10 til 13:00 og aftur eftir deildarstjórafund, frá klukkan 14:00 til 15:00. Bátatjörn og Heiðarsund á fimmtudögum frá klukkan 8:10 til 13:30. Þegar deildarstjórnir eru saman í undirbúningi er auðveldara fyrir deildarstjórana að leita eftir jafningjaleiðsögn og stuðningi hjá hver öðrum. Stefnt er að því að aðrir kennarar/starfsfólk sem á rétt á undirbúningstímum séu að minnsta kosti tveir og tveir saman. Deildarstjórar sjá um að skipuleggja tímasetningu þessara

undirbúningstíma. Á skipulagsdögum og starfsmannafundum er endur- og símenntun starfsmanna jafnframt sinnt.

4 Um innra mat í leikskólum

Í lögum um leikskóla nr.90/2008 er kveðið á um að hver leikskóli skuli meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfsins. Innra mati er einnig ætlað að auka gæði skólastarfsins og stuðla að umbótum. Þar sem skólastarfið er fjölbreytt er ekki hægt að meta alla þætti þess í einu. Matsáætlun er gerð fram í tímann til að tryggja að matið nái til allra þátta skólastarfsins, meta þarf matsáætlunina árlega þar sem oft koma upp mál sem þarf að taka afstöðu til.

Innra mat er byggt á skólanámskrá leikskólans og áherslum leikskólans og fræðsluviðs Árborgar. Skoða er hvernig gengur að vinna að markmiðum leikskólans og tilgreint hvaða leiðir eru farnar til að ná fram þessum markmiðum og gögnum safnað um framvinduna. Nám og velferð barna, styrkleikar þeirra og hæfni er metin.

Nokkrar leiðir voru notaðar til að meta skólastarfið svo sem starfsmannasamtöl, foreldrasamtöl og viðtöl við leikskólabörnin. Heilsubókin er rammi um starfið, í hana er skráð fyrir hvert barn. Hvort markmiðum Heilsustefnunar er náð. Skráð er upplýsingar um heilsufar, hæð og þyngd. Næring og sjálfshjálp, lífsleikni, hreyfing og listsköpun. Foreldrar eru boðaðir í viðtal tvisvar á ári í kjölfar skráningar í Heilsubók barnsins, þar fá foreldrar upplýsingar um barnið og stöðu þess í barnahópnum. Þeir fá upplýsingar um skólastarfið og þeir spurðir um viðhorf sín til skólastarfsins. Mat starfsmanna á leikskólastarfinu fer fram á deildarstjórafundum, deildarfundum, starfsmannafundum, skipulagsdögum og í árlegum starfspróunarviðtölum. Umbótaáætlun er gerð út frá mati á skólastarfinu.

Heilsuleikskólinn Árbær

4.1 Stutt greinargerð um leikskólastarfið

Lögð er áhersla á að börnunum líði vel í leikskólanum og að þau upplifi jákvæðni, hjálpsemi, sveigjanleika, húnor og gleði.

Árbær er heilsuleikskóli og við notum Heilsubók barnsins. Tvisvar á ári er merkt í Heilsubókina á haustönn í október/nóvember og á vorönn í mars/apríl. Í kjölfarið er foreldrum/forráðamönnum boðið í foreldraviðtöl þar sem farið er yfir Heilsubókina og með þeim. Einnig er stuðst við skráningu á málþroska barna með TRAS.

Í Árbæ er litið á læsi í víðum skilningi. Læsi er ekki eingöngu að læra bókstafi og hljóða þá saman. Í Árbæ er unnið að því að efla félags- og tilfinningalegt læsi m.a. í frjálsum leik, hlutverkaleik, með því að lesa og skoða bækur sem fjalla um tilfinningar og félagsleg samskipti, hvetja börnin til að segja frá og hlusta hvert á annað, ásamt því að nota hugtök yfir tilfinningar í daglegu starfi. Vináttuverkefni Barnaheilla með Blæ bangsa sem öll börn í Árbæ taka þátt í. Hugmyndafræði Vináttuverkefnisins endurspeglar í gildunum fjórum:

Umburðarlyndi, Virðing, Umhyggja og Hugrekki. Við ræðum m.a. um Vinsemd og hvernig við getum sýnt vinsemd, umburðarlyndi, umhyggju, virðingu og hugrekki.

Börnin fara a.m.k einu sinni í viku í salinn þar sem að þau æfa grófhreyfingar, klifur, fimi, kast, hopp, og að hoppa jafnfætis, samhæfingu, úthald, hugrekki, krossun hreyfinga og að fara eftir fyrirmælum. Fínhreyfingar eru æfðar m.a með því að lita, klippa, perla, pinna, þræða og svo framvegis. Púsluspilin reyna á rökhugsun, einbeitingu, úthald og skipulag.

Í málörvunarstundum er verið að efla orðaforða, málskilning og hlustun, með lestri, spilum eða leikjum. Í Lubbastundum er lögð áhersla á íslensku máhljóðin og hljóð bókstafa og hvernig hægt er að hljóða þá saman. Ásamt því að landakort af Íslandi og þeir staðir sem Lubbi er staddur á í hvert sinn eru skoðaðir á myndum eða á korti og börnin segja frá sinni reynslu þar sem að sum þeirra þekkja staðina vel.

Félagsfærnina er hægt að efla með spilum og leikjum og með því að æfa sig að skiptast á, tala saman, fara eftir reglum í regluleikjum og í ýmsum hlutverkaleikjum.

Heilsuleikskólinn Árbær

Frjálsi leikurinn er mjög mikilvægur þar sem að hann eflir ímyndunarafl, einbeitingu, félagsfærni og vináttu. Ásamt því að hann er börnunum eðlislægur og eykur þekkingu barnanna. Auðveldar þeim að setja sig í spor annarra og æfa sig í samskiptum.

Listakot. Lögð er áhersla á ferlið í skapandi starfi í Árbæ og að hvert barn fái að njóta sín og geti unnið á sínum hraða. Farið er með litla hóp á Listakot svo það skapist ró og næði við listsköpunina.

Regnbogadagur: Eldri deildirnar þrjár vinna saman þannig að hver árgangur er saman á Regnbogastundum. Yngri deildirnar þrjár taka þátt í Regnbogadegi þar sem hver árgangur vinnur saman. Regnbogadagur yngri deilda hefst á vorönn eða þegar aðlögun er lokið og börnin orðið nokkuð örugg með sig í leikskólanum.

Gönguferðir: Eldri deildir fara einu sinni í viku í gönguferðir, ýmist í stórum eða litlu hópum (ekki farið ef veður er vont eða ef það er mikill hálka). Börnin hafa áhrif á það hvert farið er í gönguferðum á eldri deildum. Yngri deildir fara stuttar vegalengdir til að byrja með en smám saman eru ferðirnar lengdar eftir getu barnanna.

Stefnt er að því að fara út á hverjum degi en veður og færð hafa þar áhrif.

Bangsi heim í tösku með einu barni af hverri deild á hverjum föstudegi. Bangsinn á tösku, liti og bók. Í bókina skrifa foreldrar/forráðamenn hvað barnið og bangsinn gerðu saman yfir helgina. Barnið getur litað með litunum í bókina. Bangsa verkefnið er hluti af málörvunarvinnu og samstarfsverkefni milli heimilis og skóla þar sem foreldrar og barn vinna saman að því að skrifa hvað var gert um helgina. Þegar lesið er úr bókinni og barnið segir frá í leikskólanum og rætt um það, þjálfar það börnin í að segja frá og eflir þátíðarfrásögn barnsins. Barnið styrkist í því að standa frammi fyrir barnahópnum og fá athygli hópsins.

Bókaormur: Eitt barn sem er bókaormur í hverri viku. Barnið/bókaormur kemur með bók að heiman sem er lesin fyrir hópinn (alla eða lítinn hóp) Börnin segja frá bókinni og hópurinn ásamt kennaranum talar um bókina.

Sýna og segja verkefni: Taska sem að fer heim með barninu og barnið má velja hlut að heiman í töskuna til að taka með sér í leikskólann daginn eftir. Barnið og foreldrarnir ráða hvaða hlut er komið með. Barnið situr fyrir framan barnahópinum í samverustundinni og

Heilsuleikskólinn Árbær

barnahópurinn, eitt og eitt barn í einu réttir upp hönd og kemur með spurningu til þess að reyna að komast að því hvað er í töskunni. Barnahópurinn þjálfast í því að sitja og hlusta biðja um orðið og bera fram spurningu um það hvað gæti verið í töskunni. Barnið sem að er með töskuna þjálfast í því að koma fram og tala fyrir framan hin börnin og gæta þess að segja ekki óvart hvað er í töskunni. Eldri deildirnar þrjár eru með Sýna og segja verkefnið.

Fagmennska kennara snýst um nemendur, menntun þeirra og velferð. Kennarar leiðbeina börnunum í leik, námi, samskiptum og mati á skólastarfinu. Þeir ásamt foreldrum eru fyrirmyndir barnanna og leiðbeina börnunum hvernig þau geta tileinkað sér heilbrigða lífshætti í anda Heilsustefnunnar.

Innra mat deilda

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðar- aðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð/ Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópu r, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Alhliða þroski barns	Að styðja við og auka hæfni og velferð barna í Árbæ. Heilsustefnan	Vinna einstaklingslega með þá nemendur sem þess þurfa, vinna í litlum hópum og stórum hópum. Vinna að markmiðum Heilsu- stefnunnar	Allt skólaárið dagskipula, áætlanir leikskólans. Heilsubók er rammi um starfið	Leikskóla- stjóri, aðstoðarleik- skólastjóri, Deildarstjóri, sérkennslu- stjóri og allir starfsmenn á deildum	Skráning, umræður á deildarfundu deildarstjóra- fundum, umræða við sérkennslu- stjóra	Skráning í Heilsubók barnsins, TRAS og markmið sett í einstaklings- áætlanir, AEPS skráning
Grunn- þættir menntunar	Vinna að velferð barna og auknu lýðræði með börnunum,	Flétta grunnþætti inn í daglegt starf og skipulag. Vinna með	Hefst strax að loknu sumarfrí og er alltaf í gangi í	Deildarstjóri og aðrir starfsmenn deildarinnar með	Samræður á deildarfundum, Skráning í Heilsubók, TRAS	Að geta merkt við að öll börn hafi fengið sínar stundir hverja viku/mánuð fyrir

Heilsuleikskólinn Árbær

	starfsfólki og foreldrum., vinna með grunnþætti menntunar, Læsi, sjálfbærni, lýðræði, jafnrétti, heilbrigði og velferð og sköpun	Vinaverkefnið og Blæ. Sýna og segja, Bókaormur, Bangsi í tösku, afmælisstundum, Orðaspjall, Lubbi, stærðfræði í daglegu starfi. Orðaleik, lestri, söngstundir og samtalsstundir með börnum	dagskipulag Teymisvinnu og kennara allt skólaárið og samstarf heimila og skóla. Vinna að auknu samstarfi/brú milli skólastiga	stuðningi sérkennslustjóra	Stuðla að jafningjastuðningi í starfsmanna- hópnum og valdeflingu allra kennara og starfsmanna í Árbæ	sig. Yfir skólaárið. Samvinna kennara/starfsmanna innan deilda og þvert á deildir milli deilda. Samvinna með Regnbogadaga, milli yngri deilda og milli eldri deilda
Málörvun	Að auka málörvun fyrir alla einstaklinga, sérstaklega þá sem að þurfa þess með	Markvissar stundir. Lestur og orðaforðavinnu. Lubbastundir og söngstundir	Allt árið alla daga vikunnar - dagskipulag	Deildarstjóri og aðrir starfsmenn með stuðningi frá sérkennslustjóra	Samræður á deildarfundum, skráning	Að geta merkt við að öll börn hafi fengið sínar stundir
Lisrt-sköpun	Nýta öll tækifæri sem gefast og þegar Listsköpun er á dagskipulagi	Nota Listakot þegar deildin hefur aðgang að því og nýta tækifærin sem gefast inni á deild og í útiveru	Allt árið samkvæmt dagskipulagi	Deildarstjóri og aðrir starfsmenn deilda	Samræður á deildarfundum, afrakstur og myndir af ferlinu	Myndir af ferlinu og gera ferlið og afraksturinn sýnilegan
Göngu-ferðir	Efla grenndarkennslu með gönguferðum	Fylgja dagskipulagi eins og hægt er. Grípa þau tækifæri sem að gefast	Allt árið samkvæmt dagskipulagi	Deildarstjóri og starfsmenn deildarinnar	Samræður á deildarfundum, samráðsfundum, deildarstjórafundum	Að efla úthald og þrek barnanna. Lengja göngurnar smám saman og læra að þekkja nágrenni okkar. Efla þekkingu barnanna á nærumhverfinu.
Sérkennsla	Unnið með einstaklingskennslu og í litlum hópum.	Skipulag, skráning, kennslugögn, jafningja-hópar,	Allt árið alla daga vikunnar dagskipulag hópa-	Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri,	Fara yfir skráningar, endurmeta markmið	Meta með skráningu í Heilsubók og einstaklingsnámskrá TRAS,

Heilsuleikskólinn Árbær

	Barninu hjálpað í samskiptum í litlum hópum og inni á deild í stærri hóp.	litlir hópar, stórir hópar einstaklingskennsla	skipulag myndrænt –skipulag, skráning.	deildarstjóri sérkennslustjóri Allir starfsmenn	reglulega með skráningu	Hljóm-2 og AEPS skráning og vinnunótur/skráning í daglegu starfi.
Skipulagt starf vegna barna með annað móðumál en íslensku	Fræðsla og ráðgjöf til starfsfólks. Samskipti og virk þátttaka í fjölbreyttum barnahópi	Myndrænt skipulag. Markviss vinna með orðaforða lestur orðskýringar, málskilningur hlustun og orðagreining	Allt árið alla daga orð sett á allar athafnir Ritmál tákni með tali Vínaverkefnið með Blæ Umræða um tilfinningar, félagslegt tungumál dagskipulag	Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólustjóri, sérkennslustjóri deildarstjórar og annað starfsfólk Foreldrar	Móttaka og aðlögun – Móttökuvíðtal Túlkaþjónusta Hvernig barnið er statt í móðurmálinu Upplýsingagjöf Umræður við foreldra um mikilvægi þess að lesa heima og ræða við barnið	Meta með skráningu í Heilsubók og í einstaklingsnámskrá barnsins þar sem að við á. TRAS, Hljóm-2 og AEPS
Þróunarverkefni	Þróunarverkefni með Árborg, Hafnafirði og Reykjanesbæ	Þróuð matstæki sem auðveldar kennurum að framkvæma raunmat á almennri stöðu nemandans er varðar m.a. nám.	Skólaárið 2019 til 2020	Leikskólaráðgjafi Árborgar vegna tvítýngdra barna í Árborg og leikskólustjóri	Vor júní 2020	Matstækin tilbúin
Þróunarverkefni Orðaleikur	Námsefni sem að nýtist í leikskólum og heima í orðaforðakennslu á íslensku fyrir tvítýngd börn	Handbók um orðaforðakennslu fyrir leikskólakennara, myndasafn í grunnorðaforða íslenskunnar með sérstakri áherslu á orð sem koma fyrir í	Skólaárið 2019 - 2020	Leikskólustjóri Aðstoðarleikskólustjóri Sérkennslustjóri Deildarstjórar Allir starfsmenn í Árbæ	Á þriggja mánaða fresti	Að börnunum hafi farið fram samkvæmt mælingum í verkefninu

5 Stutt greinargerð sérkennslustjóra um starfið á síðasta ári

- Hversu mörg börn njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum og hve margir sinna því hlutverki? Það eru 47 barn sem þurfa sérkennslu skólaárið 2018 til 2019. Deildarstjórar skipuleggja sérkennsluna inni á deildum í litlum hópum og í stórum hópum. Sérkennslustjóri styður við og veitir ráðgjöf deildarstjórum og starfsfólkin inni á deildum varðandi sérkennslu. Í einhverjum tilfellum sinnir sérkennslustjóri einstaklingskennslu og kennslu í litlum hópum þegar það á við. Deildirnar sjá um þjálfunina í daglegu starfi og í hópastarfinu. Það eru 23 tvítyng börn skólaárið 2018 til 2019 og mörg þeirra þurfa mikla einstaklingsmiðaða málörvun og kennslu.
- Áætlun um málörvun og snemmtæka íhlutun í leikskólanum. Það er lesið, sungið og talað við börnin á hverjum degi frá upphafi leikskólagöngu og til að fylgjast með hvernig hvert barn er að þroskast er skráð tvisvar á ári í Heilsubók barnsins sem er jafnframt einstaklingsnámskrá barnsins og skrá í TRAS frá tveggja ára aldri. Skráð er að hausti og að vori í Heilsubókina. Skráð er félagsfærni, sjálfshjálp, hreyfing, næring og svefn og listsköpun. Skráning í TRAS fer fram þegar barnið er 2.2 ára og á sex mánaðar fresti upp frá því er TRAS skráning á málþroska barna. Þegar þetta tvennt er komið saman er komin upplýsandi skráning fyrir hvert barn frá tveggja ára aldri. Það kemur strax í ljós ef það þarf að þjálfa eitthvað sérstaklega hjá barninu og snemmtæk íhlutun hefst.
- Gerð einstaklingsnámskrár, hverjir koma að gerð hennar og hvernig eru þær notaðar í starfinu? Deildarstjóri og sérkennslustjóri gera einstaklingsnámskrá í sameiningu fyrir barnið. Þeir setja markmið í samráði við foreldra og unnið er að markmiðunum inni á deildum eða í samstarfi við sérkennslustjóra. Fer eftir því hvað verið er að þjálfa eða vinna að með barninu.
- Samstarf við foreldra/forráðamenn, teymisfundir og annar stuðningur til foreldra, fræðsla og ráðgjöf. Sérkennslustjóri sér um að boða teymisfund og er fundarstjóri á teymisfundunum. Sérkennslustjóri sér um að halda utan um skráningar og

Heilsuleikskólinn Árbær

upplýsingar og þau gögn sem viðkoma sérkennslubörnunum. Skólaþjónusta Árborgar, sérkennslustjóri og deildarstjóri sjá um fræðslu og ráðgjöf til foreldra.

- Samstaf við fræðsluvið og aðrar stofnanir. Það er samstarf við Skólaþjónustu og félagsþjónustu Árborgar, Talþjálfun suðurlands, HSU (hjúkrunarfræðingar og iðjuþjálfari) og Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins.
- Samvinna sérkennslustjóra og starfsmanna, fræðsla, ráðgjöf og stuðningur. Sérkennslustjóri er í samstarfi við deildirnar, deildarstjóra og starfsfólk deilda og veitir ráðgjöf þegar þarf og er með starfsfólki og deildarstjórum í daglegu starfi.

6 Sérkennsla - Umbætur

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðil i	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnih ópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Verkefni í sérkennslu	Unnið að öllum verkefnum í sérkennslu	Inni á deildum í litlum hópum eða einstaklingslega með hverju barni í sérkennsluherbergi	Strax að loknu sumarfrí til loka skólaársins	Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, deildarstjóri og sérkennslustjóri	Markmiðin eru endurmetinn reglulega. Skráning í Heilsubók, TRAS, AEPS skráning einstaklingsnámskrá og Hljóm-2. Umræður og mat á deildarfundum	Samræða um markmið og leiðir - hvort markmiðum er náð. Mælanleg markmið. Umræður um leiðir. Mánaðar-áætlun hverrar deildar
Málörvun tvítyngdra barna	Unnið með börnin einstaklingslega og/eða í litlum	Starfsmaður sem sér um að lesa fyrir hópinn/börni	Stundatafla, Sérkennslustjóri sér um að úthluta	Leikskólastjóri, deildarstjóri, sérkennslu-	Endurmetið með mati frá verkefninu Orðaleikur á	Aukning á orðaforða. Hlustun og samræður

Heilsuleikskólinn Árbær

	hópum og/eða í jafningjahópum	n/barn fer á milli deilda samkvæmt skipulagi	lestrarstundum fyrir börnin	stjóri og starfsfólk	þriggja mánaða fresti Umræður og mat á deildarfundum	um markmið og leiðir Skráning, Orðaskil, TRAS, Heilsubók, Hljóm-2
Markviss málörvun	Unnið með börnin einstaklingslega og/eða í litlum hópum og/eða í jafningjahópum	Starfsmaður sem sér um að lesa fyrir hópinn/börni n/barn fer á milli deilda samkvæmt skipulagi	Stundatafla, Sérkennslustjóri sér um að úthluta lestrarstundum fyrir börnin	Leikskólastjóri, deildarstjóri, sérkennslustjóri og starfsfólk	Endurmetið meðð mati frá verkefninu Orðaleikur á þriggja mánaða fresti. Umræður og mat á deildarfundum	Aukning á orðaforða. Hlustun og samræður um markmið og leiðir Skráning, Orðaskil, TRAS, Heilsubók, Hljóm-2
Orðaleikur Þróunarverkefn með MSHA	Orðaforðakennsla	Sérstök áhersla á grunnorðaforða íslenskunnar	Skólaárið 2019 - 2020	Leikskólastjóri, sérkennslustjóri, verkefnisstjóri, deildarstjóri, og allt starfsfólk í Árbæ	Á þriggja mánaða fresti. Umræður og mat á deildarfundum	Aukning á orðaforða. Hlustun og samræður um markmið og leiðir Skráning, Orðaskil, TRAS, Heilsubók, Hljóm-2
Þróunarverkefn í fræðsluviðs Árborgar	Þróun matstækja sem auðveldar að framkvæma raunmat á almennri stöðu nemenda	Styrkleikar og veikleikar kortlagðir	Frá áramótum 2020 til loka júní 2020	Leikskólastjóri, sérkennslustjóri, leikskólaráðgjafi Árborgar vegna tvítyngdra barna, deildarstjórar og allt starfsfólk í Árbæ	Við lok verkefnis í júní 2020. Umræður og mat á deildarfundum	Aukning á orðaforða. Hlustun og samræður um markmið og leiðir Skráning, Orðaskil, TRAS, Heilsubók, Hljóm-2

7 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl: Skólaárið 2018 til 2019 fóru starfsþróunarsamtöl fram í byrjun maí til loka júní 2019. Starfsmannasamtölin í Árbæ eru að vori. Skólapúlsinn gerir könnun í febrúar ár hvert, annað árið er starfsmannakönnun og hitt árið er foreldrakönnun. Niðurstöður frá könnun Skólapúlsins liggja fyrir þegar starfsþróunarsamtölin eiga sér stað.

Margir starfsmenn í Árbæ sóttu námskeið hjá Barnaheill vegna Vinaverkefnisins. Þar sem að nokkur endurnýjun í starfsmannahópnum hefur verið frá síðasta skólaári verða það einnig nokkrir starfsmenn sem að sækja námskeið um Vinaverkefnið á skólaárinu 2019 til 2020. Allir starfsmenn eru boðnir á haustþing 8. deildar FL í október 2019 og boðið verður uppá skyndihjálparnámskeið í nóvember 2019. Í febrúar 2020 verður ½ skipulagsdagur og þar verður Menntastefna Árborgar skoðuð út frá Skólanámskrá Árbæjar og Aðalnámskrá leikskóla. Starfsmannahópurinn fer í náms- og kynnisferð til Alicante 19. maí til 23. maí 2020.

Fjöldmargir starfsmenn í Árbæ eru í námi og leikskólakennarar hafa sótt námskeið ef þá vantar réttindi til að vinna með TRAS og Hljóm-2. Aðrir starfsmenn hafa sótt námskeið og greitt með einstaklingsstyrk.

Ellefu starfsmenn eru í námi í Háskóla Íslands sem tengist Leikskólanum. Það er ýmist í grunnnámi í leikskóla-uppeldis og kennslufræðum eða framhaldsnámi í leikskólafræðum eða námi tengdu leikskólastarfinu.

8 Foreldrasamvinna

Aðalfundur foreldraráðs var haldinn 14. október 2019.

Foreldraráð skólaárið 2019 til 2020 skipa: Formaður: Árný Rún Guðnadóttir, varaformaður Jóhanna Ósk Jóhannsdóttir, ritari Íris Árný Magnúsdóttir, gjaldkeri Elsie Kristinsdóttir

Formaður foreldrafélagsins: Árný Rún Guðnadóttir, varaformaður Jóhanna Ósk Jóhannsdóttir, ritari Íris Árný Magnúsdóttir, gjaldkeri Elsie Kristinsdóttir. Meðstjórnendur: Elínborg W. Guðmundsdóttir, Yrsa Frýdal Hauksdóttir, Díana Stefánsdóttir og Sigrún Jensdóttir

Heilsuleikskólinn Árbær

leikskólastjóri situr fundi foreldrafélagsins fyrir hönd leikskólans. Í reglum foreldrafélags Árbæjar segir: Stjórnin kemur svo oft saman sem þurfa þykir þó aldrei sjaldnar en einu sinni í mánuði. Þannig hefur það verið fyrir utan það að í júlí og ágúst hefur verið sumarfrí frá fundarhöldum.

Foreldraviðtöl voru tvisvar á skólaárinu, á haustönn og vorönn. Skráningar í Heilsubók barnsins eru gerðar í október og nóvember 2019 og í mars og apríl 2020 og eru foreldraviðtöl tekin í kjölfar skráningar þar sem foreldrar hitta deildarstjóra og hópstjóra.

Foreldrum stendur ávallt til boða að fá viðtalstíma við leikskólastjóra,

aðstoðarleikskólastjóra, sérkennslustjóra og deildarstjóra þegar þeir óska eftir því.

Deildarstjórar í Árbæ senda foreldrum fréttir mánaðarlega í tölvupósti. Þar er farið yfir það helsta og mánaðardagatal er sent með. Tilkynningar og aðrar upplýsingar eru settar á upplýsingatöflur við deildirnar og hver deild hefur Facebook síðu þar sem tilkynningarnar eru einnig settar inn. Leikskólastjóri sendir tilkynningar í tölvupóst ef þarf að senda tilkynningu til allra. Ekki er prentað út fréttabréf til foreldra nema þeir biðji um það.

9 Stjórnunarteymi Árbæjar

Starfsheiti	Nafn	Netfang	símanúmer
Leikskólastjóri	Kristín Eiríksdóttir	kristin@arborg.is	480 3250
Aðstoðarleikskólastjóri	Harpa Dan Þorgeirsdóttir	harpa.dan@arborg.is	480 3251
Sérkennslustjóri	Harpa Kristín Hlöðversdóttir	harpakh@arborg.is	480 3299
Deildarstjóri Kotatúni	Oddný G. Pálmadóttir	oddneygp@arborg.is	480 3255
Deildarstjóri Fosskoti	Valgerður Hafliðadóttir	valgerdurhaf@arborg.is	480 3254
Deildarstjóri Kringlumýri	Árný Rún Guðnadóttir	arny.run@arborg.is	480 3257
Deildarstjóri Stekkjarlæk	Helga Þórey Rúnarsdóttir	helgath@arborg.is	480 3256
Deildarstjóri Heiðarsundi	Bryndís Elfa Geirmundsdóttir	bryndiselfa@arborg.is	480 3238
Deildarstjóri Bátatjörn	Heiðrún Helga Ólafsdóttir	heidrun.helga@arborg.is	480 3279
Deildarstjóri Sandvík	Álfheiður Björk Símonardóttir	alfheidur13@gmail.com	?

10 Barnahópurinn 2019 til 2020

Fyrsti hópur nýnema í Árbæ mætti í aðlögun 12. Ágúst 2019. Fjöldi barna í leikskólanum 1. nóvember 2019 á sex deildum.

Deild	Fjöldi nemenda	2013	2014	2015	2016	2017	2018
Bátatjörn	21		6	9	6		
Heiðarsund	21		9	10	2		
Stekkjarlækur	20		12	4	4		
Kringlumýri	19					12	7
Foskot	19				5	12	2
Kotatún	19				6	9	4

Reiknað er með að sjöunda deildin, Sandvík verði tekin í notkun 1. mars 2020.

11 Samstarf leik- og grunnskóla

Tími	Hvað	Hvernig
Septem-ber til maí	Leikskóla- og grunnskólakennarar fara a.m.k. einu sinni í heimsóknir á milli stiga. Markmiðið er að sjá hvað er verið að gera á hvorum stað.	Haft er samband við deildarstjóra grunnskóla eða aðstoðarleikskólastjóra leikskóla
Október	Nemendur í 1. bekk grunnskóla fara í heimsóknir í gamla leikskólann sinn. Báðir grunnskólarnir fara í heimsóknina á sama tíma. Stefnt skal að fyrstu viku októbermánaðar.	Deildarstjórar grunnskóla hafa samband við aðstoðarleikskólastjóra leikskólanna
Nóvem-ber	Önnur heimsókn nemenda 1. bekkjar grunnskóla í gamla leikskólann sinn. Báðir grunnskólarnir fara í heimsóknina á sama tíma. Heimsóknin fer fram í síðustu viku nóvembermánaðar.	Deildarstjórar grunnskóla hafa samband við aðstoðarleikskólastjóra leikskólanna
janúar	Elstu börnin í leikskólunum koma í heimsókn í skólana. Fá að skoða grunnskólann og frístund. Allir leikskólarnir á Selfossi heimsækja báða grunnskólana.	Deildarstjórar leikskólanna hafa samband við deildarstjóra grunnskólanna.
Janúar til mars	Samstarf hefst hjá Álfheimum, Árbæ og Vallaskóla annars vegar og Hulduheimum, Jötunheimum og Sunnulækjarskóla hins vegar. Samstarf er einnig hjá Brimver, Æskukot og BES.	Deildarstjórar leikskólanna hafa samband við deildarstjóra grunnskóla um fyrirkomulagið og tíðni heimsókna. Leikskólakennarar geta haft beint samband við íþrótt- og sundkennara.

Heilsuleikskólinn Árbær

	Elstu leikskólabörnin koma í heimsóknir í grunnskólana, fá að horfa á sundkennslu og taka þátt í íþróttum og öðrum tímum.	
Febrúar til mars	Innritun leikskólabarna í grunnskólann. Foreldrar sækja um rafrænt inn á Mín Árborg. Bréf um vorskólann er sent til foreldra og leikskólanna.	
Apríl	Vorskólinn fer fram. Fyrsta daginn koma börnin í fylgd foreldra í tveimur hópum í skólaheimsókn. Skólastjórnendur taka á móti börnunum og foreldrum, ganga með þeim um skólann og skoða hann. Annan og þriðja daginn fylgja leikskólakennarar börnunum í skólann. Þær heimsóknir fara fram eftir hádegi þar sem starfsmenn grunnskólanna taka á móti þeim. Endurmat á skipulagi Vorskólans fer fram í tölvupósti.	

12 Skóladagatal – skipulagsdagar - 2019 - 2020

Leikskólinn opnar að sumarfríi loknu 8. ágúst 2019

Litadagar eru einu sinni í mánuði, annan miðvikudag í mánuði.

12. ágúst 2019 - Aðlögun nýnema 1. hópur

21. ágúst 2019, aðlögun nýnema 2. hópur

2. september 2019, aðlögun nýnema 3. hópur

4. október 2019, haustþing leikskóla á Suðurlandi

8. október 2019, skráning í Heilsubók hefst

4. nóvember 2019, 1/2 starfsdagur undirbúningur foreldraviðtala og starfsmannafundur

5. nóvember 2019, foreldraviðtöl hefjast

13. nóvember 2019, starfsmannafundur skyndihjálparnámskeið hjá Rauða krossinum fyrir alla starfsmenn í Árbæ

19. nóvember 2019, starfsmannafundur deildarstjórar, Svava Björg Mörk, námskeiðið: Að vera deildarstjóri

22. janúar 2020, fyrsta skólaheimsókn í grunnskóla

3. febrúar 2020, ½ Skipulagsdagur – Menntastefna Árborgar

4. febrúar 2020, þorraferð elstu barnanna í Árbæ í Húsið á Eyrarbakka

12. febrúar 2020, þorrablót í Heilsuleikskólanum Árbæ – svartur litadagur

13. febrúar 2020, foreldrakaffi í Árbæ klukkan 15:00

1. mars 2020, skráning í Heilsubók hefst

18. mars 2020, skóladagur Árborgar

1. apríl 2020, foreldraviðtöl í Árbæ hefjast

13. maí 2020, – útskriftaferð elstu barnanna

14. maí 2020, útskrift elstu barnanna

19. maí 2020, til 23maí náms og kynnisferð starfsfólks til Alicante

2. júlí 2020, sumarfrí hefst

Heilsuleikskólinn Árbær

13 Matsáætlun

Viðfangsefni sjálfsmats	2019-2020	2020-2021	2021-2022
Skólanámskrá – s.s. stefna, markmið, námssvið, áherslur og námsmat.	Skólanámskrá endurskoðuð	Skólanámskrá endurskoðuð	Skólanámskrá endurskoðuð
Starfsáætlun – s.s. skipulag, verkferlar, skólareglur og stoðþjónusta.	Útgefin að hausti ár hvert og yfirfarið	Útgefin að hausti ár hvert	Útgefin að hausti ár hvert
Nám – ss. námsaðferðir og hæfnisviðmið.	Umræður á deildarstjórafundum	Umræður á deildarstjórafundum	Umræður á deildarstjórafundum
Leikskólabörn – líðan og þarfir - Heilsubók	Heilsubók umræður TRAS og Hljóm - 2	Heilsubók umræður TRAS og Hljóm - 2	Heilsubók umræður TRAS og Hljóm - 2
Kennsla og uppeldikennsla - og uppeldishættir, starfsþróun og fagmennska.	Þróunarverkefni,Umræður	Umræður á fundum og í starfinu hér og nú	Umræður á fundum og í starfinu hér og nú
Starfsfólk – líðan, þarfir, starfsandi, starfshættir, endurmenntun, samskipti og samstarf.	Starfsmannasamtöl. Umræður, kannanir	Starfsmannasamtöl. Umræður, kannanir	Starfsmannasamtöl. Umræður, kannanir
Stjórnun.	Starfsmannasamtal, spurningalistar	Starfsmannasamtal, spurningalistar	Starfsmannasamtal, spurningalistar
Viðmót og menning skóla.	Umræða á deildarstjórafundum, námskeið og fræðsla	Umræða á deildarstjórafundum, námskeið og fræðsla	Umræða á deildarstjórafundum, námskeið og fræðsla
Aðbúnaður.	Viðbótarstofa og lagfæringar innanhúss	Umræður þarfagreining	Umræður og úttekt á lóð
Samstarf heimila og skóla.	Foreldrasamtöl haust og vor	Foreldrasamtöl haust og vor	Foreldrasamtöl,haust og vor,
Ytri tengsl – önnur skólastig og nærsamfélagið.	Umræður, samstarf	Umræðu,r samstarf	Umræður, samstarf
Umbótaaðgerðir/þróunarstarf.	Þróunarverkefni,	Umræður- nám og kennsla	Umræður – nám og kennsla
Ráðstöfun auðlinda - fjármagns, mannauðs, búnaðar og tíma	Fjárhagsáætlun, þróunarverkefni og Umræður	Fjárhagsáætlun,Umræður	Fjárhagsáætlun, Umræður
Grunnþættir menntunar – læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, sköpun, heilbrigði og velferð.	Umræður.Áætlanagerð, dagskipulag, Þróunarverkefni hópastarf	Spurningalistar. Umræður hópastarf	Spurningalistar, hópastarf Umræður

14 Lokaorð

Börnin þurfa að hafa ákveðna hæfni þegar þau hafa lokið leikskólagöngu sinni og þar er kannski félagsfærnin mikilvægust auk ákveðins sjálfstæðis og frumkvæðis. Það er á ábyrgð leikskólakennara að fylgjast með og gæta þess að öll börn séu að öðlast þessa hæfni. Það krefst þess að leikskólakennarar hafi þekkingu á þessu sviði og sú færni að meta hvort börnin séu að auka hæfni sína. Það krefst þekkingar á hinum ýmsu matslistum og öðrum skráningaraðferðum og það krefst þess að leikskólakennarar hafi næga þekkingu til að grípa inn í og aðstoða þau börn sem á þurfa að halda með viðurkenndum kennsluáðferðum og leiðum. Eins og nafn leikskólans gefur til kynna er það leikur barnanna sem stjórnar daglegu starfi skólans og námi barnanna. Þau læra gríðarlega mikið í gegnum leikinn og í samskiptum við önnur börn, til dæmis með því að fara í hlutverkaleik og ímyndunarleik. Í gegnum leikinn þjálfast félagsfærni hjá börnum. Þau fá tækifæri til að tjá hugmyndir sínar og reynslu. Læra þannig á umhverfið bæði í gegnum eigin upplifanir og upplifun annarra barna. Mörg tækifæri gefast til stærðfræðikennlu í daglegu starfi í leikskólanum. Til dæmis þegar verið er að leggja á borð; hvað eru margir í dag, hvern vantar, hvað erum við mörg þegar allir eru? Barnið fer í tvo vettlinga, eitt par. Þessi er fyrstur og þessi er annar, þannig er m.a. hægt að kenna stærðfræði í daglegu starfi. Varast bera að gera of miklar kröfur til barnanna um þekkingu og færni og að reka á eftir þeim til þess að þau nái ákveðnum hæfniviðmiðum. Þessi atriði og fleira verður kennarinn að hafa í huga þegar hann skipuleggur starfið með börnunum.

Kristín Eiríksdóttir, leikskólastjóri
Heilsuleikskólanum Árbæ